

VÍÐIDALSÁ 1988

Tumi Tómasson

└ Hólum, maí 1989

VMST-N/89016X└



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORDURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

VÍÐIDALSÁ 1988

INNGANGUR

Frá 1984 hefur Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar annast reglulegar og kerfisbundnar athuganir á laxastofnum Víðidalsár og Fitjár og gefið leiðbeiningar um ræktunaraðgerðir og tekið virkan þátt í framkvæmd þeirra.

Mikil áhersla hefur verið lögð á nýtingu ólaxgengra svæða þar sem gerðar hafa verið tilraunir með mismunandi sleppitíma, og reynt að kanna hagkvæmni sleppinga m.a. með athugunum á hreistursýnum.

Sumarið 1988 voru athuganir og aðgerðir með mjög svipuðu móti og á undanförnum árum. Veiðimenn og leiðsögumenn önnuðust söfnun hreistursýna, auk þess sem sýnum var safnað af löxum sem veiddust í gildruna í Kolugljúfrum en hún var nú starfrækt annað sumarið í röð. Seiðasleppingar voru framkvæmdar um miðjan júlí og seiðastofnar ána voru kannaðir með rafveiðum 10-15. ágúst.

Samantekt á niðurstöðum fyrri athugana er að finna í skýrslum Veiðimálastofnunar, sem getið er í heimildaskrá í lok skýrslunnar.

SLEPPING SMÁSEIÐA 1988

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að nýta til uppeldis ólaxgenga hluta Víðidalsár, frá Hrappstöðum og fram að Yxnárfossi. Þarna er áin öll mjög falleg og býður upp á kjörskilyrði fyrir uppvaxandi laxaseiði. Sleppt hefur verið í þéttleikunum 1 seiði á hverja 5-7 fermetra árlega. Einnig hafa sleppingar verið árvissar í Kambsá, sem er lítil á sem fellur í Fitjá. Þar hefur verið sleppt mun þéttara, 1 seiði á hverja 3-5 fermetra árlega, því áin er bæði hlý og frjósöm.

Í rafveiðunum á undanförnum árum hefur verið að koma í ljós að vorgömul og eins árs seiði hafa heldur verið smærri að haustinu hin seinni ár og því tilhneiging til að æ stærri hluti sleppiseiða dvelji 3 vetur í ánni áður en þau ganga til sjávar, en áður var reglan sú að seiðin dveldu tvö ár í ánni áður en sjóþroska var náð.

Þetta kemur til af tvennu. Í fyrsta lagi hafa seiðin verið smærri úr eldisstöðinni og eftir því sem fleiri seiði hafa setið eftir í ánum, því minni möguleika eiga seiði sem síðar er sleppt og þau því vaxið hægar en áður var. Þannig hefur slepping smærri seiða leitt til þess að forsendur fyrir sleppingum í ákveðnum þéttleika hafa smám saman breyst.

Reglan er því sú að því smærri seiðum sem við sleppum, því færri seiðum megum við sleppa ef við viljum fá góðan árangur úr sleppingunum.

Því hægar sem seiði vaxa og því lengur sem þau dvelja í ánni, því meiri eru afföllin á hverjum tíma og því lengur vara þau. Þannig getur lenging ferskvatnsdvalar um eitt ár leitt til verulegrar minnkunnar í árangri sleppingarinnar, jafnvel svo að árangurinn verði vel innan við helmingur þess sem hann annars gæti verið. Til að reyna að snúa þróuninni á ólaxgengu svæðunum við var s.l. sumar nær eingöngu sleppt seiðum á svæði sem ekki höfðu verið nýtt til sleppinga síðastliðin ár.

Þann 15/7 var sleppt 30.000 seiðum í Víðidalsá. Seiðin voru að meðaltali 1.2 g að þyngd. Sleppt var frá Yxnárfossi og fram að Kjálkafossi 20.000 seiðum, og fyrir framan Kjálkafoss var sleppt 10.000 seiðum á um 3.5 km kafla. Áin er þarna öll mjög grýtt og falleg, en þegar kemur um 2 km fram fyrir Kjálkafoss fer hún að verða hallaminni, þar er möl ríkjandi botngerð í brotunum og oft langar breiður á milli. Þarna fara uppeldisskilyrði því heldur rýrnandi. Í framtíðinni er líklega rétt að takmarka sleppingu fyrir framan Kjálkafoss við um 5000 seiði í hvert sinn.

Þar sem Kjálkafoss er í yfir 300 m hæð yfir sjó er vaxtartíminn þar styttri en milli Hráppstaða og Yxnárfoss sem eru í 140-220 m hæð yfir sjó. Þetta, ásamt smáum seiðum s.l. ár veldur því að reikna má með að stór hluti af þessari sleppingu þurfi að dvelja 3 ár í ánni áður en þau ganga til sjávar, þótt einhver seiði gangi sjálfsagt eftir tvö eða fjögur ár.

Í Fitjá var sleppt 17.000 seiðum frá um 300 m fyrir ofan Bjarnafoss og um 1 km fram fyrir Gilhaga. Áin er mjög heppileg til að fóstura laxa á þessu svæði en verður hallaminni þegar kemur fram fyrir Gilhaga og þá jafnframt finni í botninn. Þessi seiði voru einnig aðeins 1.2 g að jafnaði og ekki við því að búast að þau skili sér til sjávar fyrr en eftir þriggja ára dvöl, enda sleppt 280-320 m yfir sjó.

Loks var sleppt 3000 seiðum efst í Kambsá, um helmingnum fyrir framan Krók og hinum þar fyrir utan.

ATHUGANIR Á SEIÐASTOFNUM

Alls var rafveitt á 26 stöðum. Rafveiðistöðum var bætt við í Víðidalsá, Fitjá og Kambsá, framur en áður hefur verið veitt, vegna sleppingarinnar fyrr um sumarið. Þessir nýju staðir hafa fengið töluna 0, en númer annarra veiðistaða er eins og verið hefur á undanförunum árum. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1). Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Myndum 2-4.

Viðidalsá

Á ólaxgengum svæðum Viðidalsár (staðir 0-4) var töluvert af 2+ seiðum, þ.e. seiðum sem munu verða 3 ár í ánni áður en þau ganga til sjávar. Það fór að bera töluvert á þessu 1986, og einkum 1987. Hinsvegar voru 1+ seiðin á þessu svæði stærri nú en 1987, þrátt fyrir að hafa verið smærri við sleppingu. Þetta er eflaust því að þakka að ekki var sleppt seiðum á þetta svæði 1988. Þó svo að hlutföll tveggja ára gönguseiða aukist aftur þá má samt reikna með að stór hluti sleppiárgangsins frá 1987 verði þrjú ár í ánum, og gangi út vorið 1990. Það voru þó greinileg batamerki á gönguseiðaframleiðslu á svæðinu milli Bergár og Yxnárfossa.

Á laxgengum svæðum Viðidalsár bar mjög mikið á vorgömlum seiðum sem veiddust á flestum stöðum í mun meira magni en í fyrri athugunum. Þessi seiði voru nánast heilum cm styttri en árin á undan, 3-4 cm á móti 4-5 cm áður. Jafnframt var þéttleiki 1+ seiða mikill á flestum stöðum og mun meiri en rafveiðarnar 1987 höfðu bent til.

Klakárgangurinn frá vorinu 1986 (hrygning haustið 1985) var ekki stór og keppti því ekki mikið við eldri seiði um pláss og fæðu. Hann var þó ekki óeðlilega lítill. Í ágúst 1988 veiddust mun færri 2+ seiði en árin á undan. Jafnframt var lengd 2+ og reyndar einnig 1+ seiða áberandi minni en lengd sambærilegra seiða var í ágúst 1987.

Það virðist því vera svo að samfara aukinni nýliðun 1987 og 1988 hafi dregið úr vexti seiða og náttúruleg dánartala hefur aukist, einkum á eldri seiðum. Þó gæti tilfærsla eldri seiða út á dýpra vatn og í minni straum vegna aukinnar samkeppni frá yngri seiðum einnig skýrt minnkandi veiði 2+ seiða að einhverju leiti.

Fitjá

Á ólaxgengum hluta Fitjár voru eingöngu seiði úr sleppingu fyrr um sumarið. Seiði höfðu dafnað vel og voru heldur stærri en sambærileg seiði í Viðidalsá. Síðast hafði verið sleppt í Fitjá 1500 seiðum 1984 og fóru þau flest út 1986, enda uxu þau mjög vel.

Vöxtur seiða á laxgenga hluta Fitjár er almennt heldur hægari en á laxgengum hluta Viðidalsár og seiðin dvelja um einu ári lengur í ánni. Árið 1986 bar mjög mikið á 1+ seiðum í Fitjá (klak vorið 1985) og einnig var mikið af 3+-4+ seiðum, einkum framantil í ánni. Klakárgangurinn 1986 varð lítill, en næstu tveir urðu mjög stórir. Þannig voru 0+ og 1+ seiði ríkjandi í rafveiðinni 1988, einkum á stöðum 5-9. Mjög hefur dregið úr vexti seiða og má líklega rekja það að miklu leiti til sterku árganganna vorin 1987 og 1988.

Vöxtur seiða er hægastur á neðstu stöðunum í ánni, stöðum 7-9 (Mynd 3). Þar eru 0+ og 1+ seiði áberandi smærri en ofar í ánni. Oft er þessu öfugt farið, því almennt hlýna árnar eftir því sem neðar dregur. Þarna koma hinsvegar til áhrif sleppinga í Kambsá. Lax sem snýr aftur hrygnir neðarlega í Fitjá, og þar hefur á undanförunum árum ávalt verið mikið af 0+ og 1+ seiðum, en lítið af stærri seiðum. Seiðasleppingar í Kambsá viðhalda þannig stórum hrygningarstofni í neðri hluta Fitjár á hverju ári.

Samkeppni milli alltof margra smáseiða leiðir til mikilla affalla og hægari vaxtar og framleiðslugeta árinna nýttist því ekki nema að litlum hluta til gönguseiðaframleiðslu. Neðst í Fitjá verður því að reyna að takmarka hrygningarstofninn, umfram það sem gert er með stangveiðinni.

Kambsá

Í Kambsá eru eingöngu sleppiseiði. Efst í ánni var sleppt s.l. sumar 3000 seiðum, og þau veiðast á stað 0 (Mynd 4). Á öllum hinum stöðunum er mikið af 2+ seiðum og hafa þau ekki fyrr veiðst í jafnmiklu magni. Þessi seiði munu ganga út í vor. Þarna sést vel að það var góð ráðstöfun að hlífa þessu svæði við sleppingum 1988.

Vöxtur 1+ seiða er almennt lakari en hjá hliðstæðum seiðum á Ólaxgenga hluta Víðidalsár, enda situr mun meira eftir í ánni af árganginum þar á undan. Kambsá er annars góð til uppeldis laxaseiða, en hætt er við miklu afráni, einkum af völdum minks, í svona litlum ám. Mikilvægt er að mink sé haldið í skefjum á þessu svæði.

VEIÐIN 1988

Sumarið 1988 var metveiði í Víðidalsá og í fyrsta sinn sem stangveiðin fór yfir 2000 laxa. Alls voru skráðir veiddir 2018 laxar. Þar af voru 1215 smálaxar, 781 stórlax og 22 boltar. Þ.e. laxar sem höfðu dvalið þrjú ár í sjó og náð rúmlega 10 kg þyngd.

Gildra var starfrækt mestallt sumarið við Kolugljúfur og annaðist Ragnar á Bakka þann rekstur. Þar veiddust alls 168 laxar, 72 smálaxar og 96 stórlaxar. Farið var með 97 henga upp fyrir foss og af þeim mun hafa veiðst 50-60 laxar. Þetta hlýtur að teljast góður árangur svona í byrjun, en ég mundi áfram eindregið mæla gegn því að hrygnum verði ekki sleppt upp fyrir.

Uppruni laxa var ráðinn með tvennu móti. Annars vegar var leitað af uggaklipptum löxum, en sumarið 1985 hafði hluti af smáseiðasleppingunni verið uggaklipptur. Þar sem þetta var frumraun mín í uggaklippingum var ekki allt nógu vel klippt og uxu uggarnir því stundum út aftur. Endurvöxtur ugga var metinn í rafveiðunum 1986 og samkvæmt því má skipta sleppingum 1985 þannig:

Í Víðidalsá var sleppt 17.500 seiðum, þar af voru 25% með klipptan eða vanskapaðan vinstri kviðarugga. Í Fitjá var sleppt 1.500 seiðum, og vantaði gottraufaruggan á um 50% þeirra. Í Kambsá var sleppt 15.000 seiðum og voru 30% með vanskapaðan eða engan hægri kviðarugga.

Þessar prósentutölur eru allar miðaðar við all nákvæma skoðun, en líklega hefur hlutfall uggaklipptra laxa sem greina mátti úr þessum sleppingum verið töluvert lægra.

Því miður var eftirlit með uggaklipptum lögum 1987 og 1988 alltof lélegt, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar og ítarlegar leiðbeiningar. Af 141 sýni sem tekin voru af smálögum, reyndust 3 (2.14%) vera uggaklipptir, einn út hverjum hóp. Laxarnir sem voru upprunnir úr sleppingum í Kambsá og Fitjá veiddust í Neðri Laufásbreiðu og Dalsárós, en Víðidalsárlaxinn í Símastræng.

Af 116 sýnum sem komu af stórlögum úr stangveiðinni voru 4 (3.45%) af kviðuggaklipptum lögum, þar af vantaði vinstri kviðuggann á tvo, en ekki var tilgreint hvorn ugga vantaði á hina tvo. Einn Víðidalsárlax veiddist neðarlega í ánni í Neðri Laufásbreiðu, en hinir þrír allir fyrir framan ármót Fitjár, tveir í Símastræng og einn á Eyrum.

Í Kolu var tekið eftir fjórum smálögum (5.6%) og átta stórlögum (8.3%) sem vantaði kviðugga.

Eins og fyrr segir var eftirlit með merktum lögum fjarri því að vera nógu gott. Til að geta metið árangur sleppinga á mismunandi stöðum er nauðsynlegt að vita hve margir fiskar veiðast úr hverri sleppingu, og ekki síður mikilvægt er að fá vitneskju um hvar þeir veiðast. Hinsvegar er tilgangslaust að fara út í frekari merkingar nema fullur vilji og ásetningur sé til þess að fylgjast vel með merktum fiski í veiðinni. Almennari mynd af árangri sleppinga fæst með því að greina hreistursýni.

Með greiningu hreistursýna er hægt að gera sér grein fyrir uppruna og samsetningu göngunnar að miklu leiti. Alls bárust 243 sýni af stangveiddum laxi í Víðidalsá, 33 úr gildrunni í Kolugljúfrum og 22 af lögum sem veiddust í Fitjá.

Niðurstöður aldursgreininganna eru settar fram í Töflu 2. Um 25-30% stangveiðinnar má rekja til smáseiðasleppinga, og hér er líklega um lágmarkstölur að ræða. Drjúgur hluti slíkra laxa hefur þriggja ára ferskvatnsdvöl og því eru ekki alltaf skýr mörk á milli laxa úr náttúruklaki og hinna sem koma útaf sleppingum á ólaxgeng svæði. Í þeim tilfellum eru meiri líkur á að lax af sleppiuppruna greinist sem náttúrulegur en öfugt.

Hátt hlutfall laxa með þriggja ára ferskvatnsaldur úr seiðasleppingum staðfestir enn frekar að sleppiseiðin eru í vaxandi mæli þrjú ár að ná gönguproska í ánni.

Laxarnir sem veiðast í Kolu eru langflestir upprunnir úr smáseiðasleppingu, eins og við var að búast. Úr Fitjá bárust of fá sýni til að hægt sé að draga af þeim miklar ályktanir. Þó virðist ljóst að seiðin þar eru almennt lengur að ná sjóþroska en seiðin í Víðidalsá, og jafnframt er ekki hægt að sjá eins óyggjandi árangur af smáseiðasleppingu þar eins og í Víðidalsá.

Sé gerður samanburður á niðurstöðum á aldursgreiningu hreistursýna og skilum á merktum laxi í Víðidalsá, kemur í ljós að af smálaxi mætti útfrá greiningu hreisturs ætla að 11% væru úr sleppingu 1984, en útfrá merkingum reiknast þetta hlutfall vera 8.5%. Hliðstæðar tölur fyrir stórlax úr sömu sleppingu eru 29% og 13.2%. Í Kolu gefur hreisturlesning 75% stórlaxa úr sleppingu 1984, en merkingarnar aðeins 25%.

Þessir útreikningar byggja allir á fáum sýnum, og mjög mikil óvissa ríkir sérstaklega um merкта laxinn, bæði það að fáir fiskar voru merktir og einnig því að vitað er að eftirliti með þeim var ábótavant. Báðar aðferðirnar leiða þó í ljós að sleppingarnar skipta miklu máli fyrir veiðarnar og ég tel reyndar að áætlanir byggðar á greiningu hreisturs séu algjört lágmörk.

ÁRANGUR SLEPPINGARINNAR 1984

Það má meta árangur sleppinga á ýmsan hátt. T.d. má meta hann eftir því hve margir laxar gengu í ána, hve margir þeirra veiddust, hvar þeir veiddust o.s.frv. Spurningin er líka hvort að þegar rekja megi 30% af veiðinni til smáseiðasleppinga, hvort hér sé um aukningu að ræða, eða hvort heildarveiðiálagið hafi bara minnkað að sama skapi.

Einnig getur maður velt fyrir sér hvort sú aukning sem verður á hrygningarstofni leiði til þess að framleiðsla á laxgengum svæðum minnki og þannig sé ekki eingöngu um raunverulegan árangur að ræða heldur að einhverju leiti endurspegli niðurstöður tilfærslu á gönguseiðaframleiðslu af laxgengum svæðum yfir á Ólaxgeng. Dæmi um þetta virðumst við sjá neðst í Fitjá, vegna sleppinga í Kambsá, og við þekkjum fleiri slík dæmi úr öðrum ám. M.a. þess vegna er starfræksla gildru í Koluglúfrum svo mikilvæg.

Ef við lítum á hvar lax af sleppiuppruna veiðist sést að 89% af smálaxinum og 52% af stórlaxinum veiðist fyrir neðan ármót Fitjár. Hluti þess lax sem veiðist fyrir neðan ármótin ætlar í Fitjá, en þetta hlutfall er ekki hægt að reikna út þar sem ekki liggur fyrir skipting veiðinnar milli Fitjár og Víðidalsár, og alltof fá hreistursýni fengust af laxi veiddum í Fitjá.

Sleppingin 1984 skilaði sér sem smálax með tveggja ára ferskvatnsdvöl 1987 og 1988 sem stórlax með tveggja ára ferskvatnsdvöl. Að auki var 11% veiddra smálaxa 1988 (þá með þriggja ára ferskvatnsdvöl) úr þessari sleppingu.

Samkvæmt þessu er hægt að reikna út heildarfjölda laxa sem hingaðtil hafa veiðst úr þessari sleppingu:

Smálax	1987:	643 x 20%	= 129
Stórlax	1988:	781 x 29%	= 226
Smálax	1988:	1215 x 11%	= 134
Samtals			<u>489</u>

Alls var sleppt 34.000 seiðum 1984 og af þeim hafa því 1.44% skilað sér í veiði. Að auki hafa veiðst í gildruna í Kolu:

Smálax	1987:	59 x 58%	= 34
Stórlax	1988:	96 x 75%	= 72
Smálax	1988:	72 x 50%	= 36
Samtals			<u>142</u>

Þetta gerir 0.42% úr heildarsleppingunni, en 0.81% ef einungis er reiknað með þeim seiðum sem sleppt var í Víðidalsá.

Ef við gerum ráð fyrir að sleppingarnar hafi allar skilað sér jafnvel, óháð sleppistað má ætla að af sleppingunni í Víðidalsá hafi 252 veiðst á stöng og 142 í gildruna. Veiðiálagið í ánni er þá 64% sem er verulega hærri en almennt var talið. Líklega veiðast þó ekki allir laxar í gildruna sem ekki veiðast á stöng, en á móti því kemur sá grunur að sleppingar í Kambsá skili sér e.t.v. ekki jafnvel og sleppingarnar í Víðidalsá. Þörf er á stóru auknu átaki til að safna hreistri af löxum úr Fitjá til að fá úr þessu skorið.

Laxinn virðist almennt vera lengi á göngu upp ána og að sögn Ragnars er það mjög háð vatnsmagni árinna. Vatn hefur almennt verið lítið í ánum s.l. tvö ár og það getur átt mikinn þátt í að veiðiálagið er eins hátt og útreikningarnir gefa tilefni til að ætla. Þetta gæti breyst í árum þegar meira vatn er í ánum. Smáseiðasleppingarnar 1984 hafa þó skilað því sem til stóð og árangur af þeim hlýtur að teljast góður.

ÁLYKTANIR

Stórlaxagangan 1989 verður að öllum líkindum með allra besta móti og reikna má með að smálaxagengd verði einnig góð í ár. Hinsvegar lítur mun ver út með gönguseiðaframleiðsluna vorið/sumarið 1990. Einkum mun framleiðslan á laxgengum svæðum minnka verulega, en útlit er fyrir aukningu á ólaxgengum svæðum milli ára, þótt kallt vor gæti haft þar neikvæð áhrif.

Mikill snjór nú mun þó líklega skapa betri skilyrði fyrir útgöngu seiða úr Kambsá og minni afföll þeirra af völdum afráns.

Til að bæta smálaxagengd á næsta ári mætti reyna að sleppa gönguseiðum í ána. Slíkar sleppingar gáfust vel í öðrum norðlenskum ám 1987 og reiknað er með að sleppingarnar 1988 hafi sömuleiðis tekist vel. Orsakir þessa eru bætтар framleiðsluaðferðir í eldisstöðinni og að nú er betur staðið að sleppingum en áður var. Ég mæli því með að í Víðidalsá verði sleppt einum hóp til prufu nú í vor og það hefur verið ákveðið að sleppa 2000 örmerktum gönguseiðum, líklega í Brunná, niður við Fitjá.

Veiðiálagið í Víðidalsá virðist hærri en reiknað var með áður. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að reyna að takmarka enn frekar hrygningarstofninn í árum þegar göngur eru stórar. Því er einkar mikilvægt að veiðum verði haldið áfram í gildruna í Kolu og það þyrfti sérstaklega að gera átak til að hrygningarstofninn í neðsta hluta Fitjár.

Smáseiðasleppingar eru mjög mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu og þær ber að efla. Leggja ber áherslu á að fá sem stærst seiði snemma sumars til sleppinga, seiði sem þyrftu ekki að dvelja nema tvö ár í ánni áður en sjóþroska yrði náð. Í sumar legg ég til að sleppt verði um 35.000 smáseiðum, þar af 10.000 í Kambsá, 3.000 í Fitjá fyrir ofan Bjarnafoss (á svæðið sem litlu var sleppt 1988) og 23.000 í Víðidalsá frá Hrappstöðum fram að Yxnárfossi. Það fer síðan eftir stærð og vexti sleppiseiða hvort óhætt verði í framtíðinni að auka þessar sleppingar.

Tiltölulega hátt veiðiálag og hátt hlutfall laxa sem veiðast neðarlega í Víðidalsá bendir til að seiðasleppingar skili sér að miklu leiti í veiði sem viðbót við náttúrulega framleiðslu.

Undirstaða góðrar ráðgjafar og þróunar í ræktunarmálum er góð upplýsingasöfnun. Á þessu sviði mætti ýmislegt gera betur. Ég legg til að veiðin í Víðidalsá og Fitjá verði í framtíðinni færð í sér bækur og í þær verði jafnframt skráð númer veiðistaða fyrir hvern veiddan fisk. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta hreistursýnatöku, einkum af löxum úr Fitjá.

Merkingar gefa mjög miklar upplýsingar. Ég myndi eindregið mæla með því að stór hluti slepptra smáseiða í sumar yrði merktur með uggaklippingum, en þá verður líka að koma til vilji veiðiréttareigenda og veiðimanna til að taka á sig eftirlit með merktum löxum á árunum 1992-1994.

HEIMILDIR

Tumi Tómasson og Finnur Garðarsson 1985. Viðidalsá 1984.
Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/85021, 12 bls.

Tumi Tómasson 1986. Viðidalsá 1985. Skýrsla Veiðimála-
stofnunar, VMST-N/86007X, 16 bls.

Tumi Tómasson 1988. Viðidalsá 1986 og 1987. Skýrsla
Veiðimálastofnunar, VMST-N/88010X.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri á mismunandi stöðum í Viðidalsá og hliðaránum 10.-15. ágúst 1988. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Viðidalsá

Staður	Stærð m	fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+
0	35x8	7.1	2.1	0.3	-
1	60x10	-	3.8	0.7	-
2	50x12	-	2.8	0.8	-
3	50x6	-	1.3	2.0	-
4	50x15	-	3.6	1.5	-
5	45x9	1.8	26.7	4.2	2.0
6	45x8	13.6	8.3	0.5	-
7	60x4	21.7	10.8	3.7	1.2
8	35x18	12.5	6.5	2.7	0.6
9	50x12	9.2	3.8	0.3	0.2
10	45x12	0.2	5.2	1.5	0.9

Fitjá

Staður	Stærð m	fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+
0	40x20	3.0	-	-	-
1	22x15	8.2	-	4.2	2.1
2	28x10	3.9	9.6	9.3	0.3
3	30x8	0.8	2.5	5.4	7.1
4	25x15	3.0	10.5	5.9	1.6
5	25x20	16.2	7.2	1.2	0.4
6	25x17	13.8	8.1	1.9	0.7
7	20x15	26.7	14.3	2.7	2.0
8	30x12	19.7	21.4	5.3	-
9	20x16	12.2	13.1	-	-

Kamsá

Staður	Stærð m	fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+
0	50x3	6.7	1.3	6.7	0.7
1	50x5	-	1.2	2.8	-
2	50x5	-	5.6	5.2	-
3	50x4	-	6.0	3.0	1.0
4	55x6	-	1.5	3.3	0.6

Tafla 2. Samantekt á niðurstöðum aldursgreininga á hreistrum af löxum sem veiddir voru í Víðidalsá og Fitjá 1988.

Víðidalsá

Ferskvatnsaldur		Sjávaraldur			
		1 ár		2 ár	
ár	fj		%	fj	%
2	20		15	28	29
3 (sleppis)	15		11	—	—
3 (náttúrul)	51		37	30	32
4	45		33	35	37
5	6		4	2	2
Samtals	137		100	95	100

Auk þessa var eitt sýni af laxi sem var að hrygna í annað sinn og tíu sýni voru ólæsileg.

Víðidalsá/Kola


Ferskvatnsaldur		Sjávaraldur			
		1 ár		2 ár	
ár	fj		%	fj	%
2	2		50	21	75
3 (sleppis)	2		50	3	11
3 (náttúrul)	—		—	3	11
4	—		—	1	4
Samtals	4		100	28	100

Eitt sýni ólæsilegt.


Fitjá

Ferskvatnsaldur		Sjávaraldur			
		1 ár		2 ár	
ár	fj		%	fj	%
2	—		—	3	30
3 (sleppis)	1		8	1	10
3 (náttúrul)	—		—	1	10
4	7		58	4	40
5	4		33	1	10
Samtals	12		99	10	100


Eitt sýni ólæsilegt.




Mynd 1. Yfirlit yfir rafveiðistaði í Viðidalsá og Fitjá
10.-15. ágúst 1988



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Víðidalsá í rafveiðum 10.-15. ágúst 1988. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fitjá í rafveiðum 10.-15. ágúst 1988. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Kambsá í rafveiðum 10.-15. ágúst 1988. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Víðislaða

Fisktegund: Lat

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 243

Veidíár: 1988

Númer	Veididagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	17.06	♂	71	3.7	2	1+	Asgeir á bakki
2	"	♀	87	7.5	4+	2+	"
3	"	♀	90	8.0	4+	2+	"
4	"	♂	63	3.0	4+	1+	Gambrenni
5	"	♂	63	3.0	4	1+	"
6	"	♀	63	3.0	2+	1+	Asgeir á bakki
7	"	♂	64	2.7	3+	1+	Nileki
8	08.07	♀	79	5.0	3+	2+	N - Kot bakki
9	11.07	♀	81	5.8	2+	2+	"
10	"	♂	63	2.7	4	1+	Nileki
11	"	♂	62	2.5	3+	1+	"
12	"	♀	79	5.2	2+	2+	N - Kot bakki
13	"	♂	88	6.7	3+	2+	Gapardokkur
14	"	♂	64	2.7	2+	1+	"
15	"	♂	94	8.6	3+	2+	Sinnastrengur
16	"	♂	68	3.3	4	1+	Gapardokkur
17	"	♀	83	6.4	5+	2+	Steinaffjöt
18	12.07	♀	67	3.7	3	1+33	Dalsárás
19	13.07	♀	81	5.5	3+	2+	Steinaffjöt
20	"	♀	60	2.5	4+	1+	"
21	14.07	♂	59	2.3	2+	1+	Finni
22	"	♂	59	2.5	3+	1+	N - Valkur
23	"	♂	65	3.0	3+	1+33	"
24	"	♀	81	5.0	3+	2+	Sinnastrengur
25	"	♀	84	6.4	2	2+	Steinaffjöt
26	"	♂	67	2.6	4+	1+	"
27	"	♂	59	2.2	3+	1+	Finni
28	"	♂	64	2.6	4+	1+	Sinnastrengur
29	"	♂	69	3.0	4+	1+	Steinaffjöt
30	"	♂	65	2.9	3+	1+	Sinnastrengur
31	15.07	♀	88	8.6	3+	2+	Dalsárás
32	16.07	♂	69	3.1	3+	1+	"
33	"	♀	80	7.1	3+	1+	"

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: VíðidaluráFisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 243Veidiár: 1988

Númer	Veididegur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
34	16.07	♂	68	6.1	3+	2+	Briin
35	"	♂	68	3.0	4+	1+	6-Laufisbreiða
36	"	♂	67	3.5	3+	1+	Dalsárás
37	"	♂	71	4.0	4+	1+	"
38	"	♀	70	4.0	4+	1+	"
39	"	♀	82	5.5	3+	2+	"
40	"	♀	82	6.5	3+	2+	6-Laufisbreiða
41	"	♀	79	5.0	4+	2+	Dalsárás
42	"	♂	64	3.0	3+	1+	"
43	"	♀	82	6.5	4+	2+	Argjarsárbekki
44	"	♀	79	6.2	4+	2+	Dalsárás
45	"	♀	62	2.5	3+	1+	"
46	"	♂	66	3.0	4+	1+	"
47	"	♀	83	6.5	4+	2+	"
48	"	♂	68	4.8	4	1+	"
49	"	♂	66	4.1	4+	1+	"
50	"	♀	94	9.5	4+	2+	6-Laufisbreiða
51	"	♂	62	3.7	4+	1+	Dalsárás
52	"	♀	68	4.8	3+	1 ⁺⁺	"
53	"	♀	80	5.0	4+	2+	Gardsendi
54	"	♀	91	7.7	2+	2+	Þyngar
55	"	♂	97	9.5	3	2+	Armöt
56	"	♂	96	7.5	4+	2+	Gapastokkur
57	"	♂	61	2.3	5	1+	Vitki
58	"	♀	65	2.9	3	1 ⁺⁺	Gardsendi
59	"	♂	62	2.3	3+	1+	"
60	"	♂	62	2.3	4+	1+	"
61	"	♀	87	7.7	Öslingsá		Armöt
62	"	♀	76	5.5	4+	2+	Steinaffjöt
63	"	♀	85	6.4	4	2+	Þinnastrengur
64	"	♀	83	6.1	2+	2+	"
65	"	♂	62	2.3	5+	1+	"
66	"	♂	77	3.5	4	1+	"

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Víðilabá

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 243

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
100	18.07	♀	83	6.0	3 ⁺	2 ⁺	Argensártakti
101	"	♀	66	3.5	4	1 ⁺	"
102	"	♀	86	8.0	4	2 ⁺	"
103	"	♀	76	4.5	4 ⁺	2 ⁺	Simastrengur
104	"	♀	55	1.8	4	1 ⁺	"
105	"	♀	78	4.4	2 ⁺	2 ⁺	"
106	19.07	♂	89	6.6	3 ⁺	2 ⁺	Steinalljöt
107	"	♀	64	2.8	4	1 ⁺	Arnnöt
108	"	♀	85	6.6	4 ⁺	2 ⁺	Simastrengur
109	20.07	♀	59	2.0	4	1 ⁺	E - Laxarstakur
110	"	♂	61	2.7	4 ⁺	1 ⁺	W - Valkur
111	"	♀	74	4.3	3	2 ⁺	"
112	21.07	♂	92	7.1	4 ⁺	2 ⁺	N - Lauf í breiða
113	"	♀	88	7.9	4 ⁺	2 ⁺	Dabará
114	22.07	♂	71	3.5	3 ⁺	1 ⁺	"
115	"	♂	66	2.9	3 ⁺	1 ⁺	Gardar
116	23.07	♀	87	6.5	2 ⁺	2 ⁺	"
117	"	♂	70	3.5	3	1 ⁺	"
118	"	♂	68	3.2	4 ⁺	1 ⁺	"
119	"	♀	87	6.1	3	2 ⁺	Argensártakti
120	"	♂	65	2.6	2 ⁺	1 ⁺	E - Gapastakur
121	"	♀	81	4.9	3 ⁺	2 ⁺	Helis
122	"	♂	70	3.6	3	1 ⁺	N - Lauf í breiða
123	"	♂	92	7.5	4 ⁺	2 ⁺	Arnnöt
124	"	♀	60	2.0	4	1 ⁺	Fossar
125	"	♀	82	6.0	4 ⁺	2 ⁺	N - Lauf í breiða
126	24.07	♂	71	3.2	2 ⁺	2 ⁺	Gardar
127	"	♀	60	2.4	3 ⁺	1 ⁺	Arnnöt
128	27.07	♂	63	2.0	3 ⁺	1 ⁺	Dabará
129	"	♀	87	6.0	3 ⁺	2 ⁺	"
130	"	♂	92	9.2	2 ⁺	2 ⁺	Arnnöt
131	"	♂	63	2.5	3 ⁺	1 ⁺	Dabará
132	"	♀	91	7.8	3 ⁺	2 ⁺	"

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Viðislaksa

Fisktegund: Lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 243

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
133	28.07	♀	90	7.4	2 ⁺	2 ⁺	Argveis á bakki
134	"	♂	67	2.8	2 ⁺	2 ⁺	Gardsendi
135	"	♂	75	4.1	3	1 ⁺	"
136	"	♂	67	2.6	3	1 ^{ss}	"
137	"	♀	71	2.8	ónýttur		"
138	"	♂	63	2.0	3 ⁺	1 ⁺	Helis
139	"	♀	92	8.8	4 ⁺	2 ⁺	Argveis á bakki
140	"	♀	64	2.0	5 ⁺	1 ⁺	Gardsendi
141	29.07	♂	93	8.0	3 ⁺	2 ⁺	N - Valkylur
142	"	♂	70	3.0	2 ⁺	1 ⁺	Dalsárís
143	"	♀	64	2.0	2 ⁺	1 ⁺	"
144	"	♂	72	3.4	4	1 ⁺	"
145	"	♂	63	2.0	3 ⁺	1 ⁺	"
146	"	♂	72	3.5	3 ⁺	1 ⁺	N - Laufásbreiða
147	"	♂	69	2.8	3 ⁺	1 ⁺	"
148	"	♂	96	8.2	3 ⁺	2 ⁺	"
149	"	♀	78	4.2	3 ⁺	2 ⁺	Réttar bakki
150	"	♂	102	10.0	3 ⁺	2 ⁺	N - Laufásbreiða
151	30.07	♂	97	8.2	3 ⁺	2 ⁺	Argveis á bakki
152	"	♀	62	2.2	ónýttur		Armöt
153	"	♂	64	3.0	4	1 ⁺	Dalsárís
154	"	♀	80	5.0	ónýttur		Símarbrennur
155	"	♂	74	3.6	3 ⁺	1 ⁺	Gapast okkur
156	"	♂	64	2.4	2	1 ⁺	"
157	"	♂	74	3.2	4	1 ⁺	Gardsendi
158	"	♀	82	5.8	4 ⁺	2 ⁺	Argveis á bakki
159	"	♂	95	8.0	3 ⁺	2 ⁺	Gapast okkur
160	"	♀	54	1.4	4 ⁺	1 ⁺	"
161	31.07	♂	58	2.2	3 ⁺	1 ^{ss}	Leyrar
162	"	♂	62	2.8	3	1 ^{ss}	Símarbrennur
163	"	♀	80	6.0	2	2 ⁺	Leyrar
164	03.08	♀	80	5.5	3 ⁺	2 ⁺	Símarbrennur
165	"	♂	62	2.7	3 ⁺	1 ⁺	"

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Viðislakví

Fisktegund: kar

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 243

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
166	03.08	♂	69	3.5	4	1+	Eygar
167	"	♂	72	4.0	3+	1+	Arnnit
168	"	♀	83	5.4	2+	2+	Sinnastrengur
169	"	♂	63	2.7	3+	1+	Arnnit
170	06.08	♂	68	3.1	2+	1+	Gardar
171	08.08	♀	85	5.8	2+	2+	Sleinastljót
172		♀	87	6.4	2+	2+	N - Valhykur
173		♂	96	9.0	5+	2+	Argeisarlakki
174		♂	96	8.6	4+	2+	Gardur
175		♂	87	6.0	4+	2+	N - Laufarbreiða
176		♀	81	6.5	2+	2+	Slekkjartljót
177		♀	66	2.7	3	1+ss	Laufarbreiða
178		♀	60	2.5	3+	1+	Dabásís
179		♂	61	2.2	3+	1+	"
180		♀	61	2.2	3+	1+	Gardar
181		♀	90	8.0	4+	2+	Brúarpollur
182		♂	61	2.4	2+	1+	Gapastokkur
183		♀	83	5.3	vanbærur		Kar
184		♀	79	5.1	2+	2+	N - Valhykur
185		♂	70	4.0	4+	1+	Brúarpollur
186		♀	92	8.5	3	2+	Argeisarlakki
187		♂	66	2.6	3+	1+	Gapastokkur
188		♀	86	4.2	2+	2+	
189		♂	71	3.7	4	1+	Gardur
190		♂	66	3.0	2+	1+	N - Laufarbreiða
191		♀	65	2.8	3	1+ss	"
192		♂	65	2.7	3+	1+	"
193		♀	91	7.5	2+	2+	"
194		♀	59	2.5	5	1+	"
195		♂	66	6.2	3+	1+	"
196		♀	89	6.7	4	2+	"
197		♀	82	6.4	2+	2+	"
198		♂	71	3.3	3	1+ss	"

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Víðilabrá

Fisktegund: kar

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 243

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
199		♀	64	2.7	3	1 ⁵⁰	N - Laufásbreiða
200			66	3.5	3 ⁺	1 ⁺	"
201		♀	63	2.5	4 ⁺	1 ⁺	B - "
202		♂	69	3.4	3 ⁺	1 ⁺	Gardar
203		♂	66	3.0	3	1 ⁺	"
204		♀	63	3.0	3 ⁺	1 ⁺	"
205		♂	69	3.5	2 ⁺	1 ⁺	"
206		♀	63	2.7	2	1 ⁺	"
207		♂	67	3.5	2 ⁺	1 ⁺	"
208		♂	68	3.5	4 ⁺	1 ⁺	"
209		♀	59	2.2	2 ⁺	1 ⁺	"
210		♀	64	2.5	3 ⁺	1 ⁺	B - "
211		♂	62	2.5	4 ⁺	1 ⁺	N - "
212		♂	89	6.8	5 ⁺	2 ⁺ 1 ⁺	Þinnastrengur
213		♀	81	6.2	4 ⁺	2 ⁺	"
214		♀	57	2.0	öruggt hr		"
215		♀		5.0	2 ⁺	2 ⁺	"
216		♂	70	3.4	3	1 ⁵⁰	"
217		♀	83	6.2	4 ⁺	2 ⁺	"
218		♂	65	3.2	3 ⁺	1 ⁺	Dalsvíð
219		♂	65	3.2	2 ⁺	1 ⁺	"
220		♀	87	7.5	öruggt hr		"
221		♀	87	8.5	3 ⁺	2 ⁺	"
222		♀	89	8.0	4 ⁺	2 ⁺	"
223		♀	80	5.5	4 ⁺	2 ⁺	"
224		♀	83	7.0	2 ⁺	2 ⁺	"
225		♂		2.6	3 ⁺	1 ⁺	Nileki
226		♂	66	3.1	4 ⁺	1 ⁺	"
227		♂	59	2.5	3 ⁺	1 ⁺	"
228		♂	58	2.0	3 ⁺	1 ⁺	"
229		♂	68	2.9	2 ⁺	1 ⁺	"
230		♀	57	2.1	5 ⁺	1 ⁺	Arnald
231		♀	84	7.1	2 ⁺	2 ⁺	"

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Víðíðabá

Fisktegund: Lat

Sendandi:

Fjöldi sýna: 243

Veidiár: 1988

[illegible]

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Kola

Fisktegund: La

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 33

Veidiár: _____

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	24.06			5.8	4*	2'	
2	"			4.3	2'	2'	
3	"			4.8	2*	2'	
4	16.07	♀		5.4	2'	2'	
5	"			7.3	2'	2'	
6	"			4.2	3	2'	
7	"	♀		6.8	3	2' ^{SS}	
8	"	♀		7.0	3	2' ^m	
9	"			3.8	2*	2'	
10	"			3.7	2*	2'	
11	"			4.8	2'	2'	
12	"			4.4	2'	2'	
13	"			4.2	2*	2'	
14	17.07			4.5	2*	2'	
15	19.07	♀		6.6	3	2	
16	"	♂		2.0	2'	1'	
17	"	♀		1.5	3	1' ^{SS}	
18	"	♂		7.5	Gráttur		
19	"	♂		8.0	2*	2'	
20	"	♂		8.0	2*	2'	
21	"	♂		7.0	2*	2'	
22	"	♂		1.5	2*	1'	
23	"	♂		6.0	2*	2'	
24	22.07	♀		2.9	3	1' ^{SS}	
25	"	♀		7.2	3	2' ^{SS}	
26	"	♀		6.7	3*	2' ^{SS}	
27	"	♀		6.0	2	2'	
28	"	♀		6.0	2*	2'	
29	"	♀		7.0	2*	2'	
30	"	♂		7.3	2*	2'	
31	"	♀		5.0	2*	2'	
32	"	♀		6.5	2	2'	
33	"	♀		5.8	2*	2'	

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Filtjón

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 23

Veidiár: _____

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	20.07	♂	90	7.5			Óliverður hvi
2	"	♂	60	2.5	5+	1+	Þfi Laxapollur
3	"	♀	74	5.0	2+	2+	Þaxlingar hvi
4	"	♀	77	4.9	2+	2+	"
5	"	♀	77	4.1	3	2+ ^{SS}	"
6	"	♀	78	5.0	4+	2+	Þfi Laxapollur
7	23.07	♀	79	4.8	4+	2+	Laxapollur
8	25.07	♂	63	2.4	4+	1+	Ker
9	"	♀	62	2.3	5+	1+	"
10	"	♂	60	2.1	5	1+	"
11	26.7	♂	63	2.8	4+	1+	"
12	"	♂	63	2.5	5+	1+	"
13	"	♂	63	2.5	4+	1+	Tjarnarhvi
14	"	♀	84	5.3	4+	2+	Ker
15	"	♀	80	5.0	5	2+	Laxapollur
16		♂	59	2.4	4+	1+	Kerfoss
17		♂	61	2.5	4+	1+	Kerfoss
18		♂	93	9.0	3+	2+	Ker
19		♀	80	6.0	4+	2+	"
20		♂	59	2.5	3	1+ ^{SS}	Kerfoss
21		♂	59	2.5	4+	1+	"
22		♀	83	6.5	2+	2+	Ker
23		♂	61	3.0	4	1+	"